Flokksstarf

30. þing KFNE haldið að Hótel Húsavík dagana 31. október og 1. nóvember 1986

Framsóknarflokkurinn 70 ára

Dagskrá:
Föstudagurinn 31. október:
1. Þingið sett kl. 20.00
2. Kjör starfsmanna þingsins
3. Nefndarkjör
4. Skýrsla stjórnar
5. Lagabreytingar
6. Umræður um skýrslur stjórnar og afgreiðsla reikninga
7. Skýrsla þingmanna
8. Umræður

Laugardagur 1. nóvember:
9. Nefndarstörf hefjast kl. 9.00 og lýkur fyrir kl. 12.00 (Stjórnmálanefnd, fjárhags- og skipulagsnefnd og kjördæmismálanefnd)
   Matarhlé til kl. 13.00
10. Ávörp gesta
11. Kosningar
12. Afgreiðsla mála
13. Önnur mál
14. Þingi slitið (Um kl. 18.00 til 18.30)
15. Árshátíð Framsóknarfélags Húsavíkur kl. 19.30.

Aukaþing kjördæmisþing KFNE

Sunnudaginn 2. nóvember kl. 12.30.
Prófkjör um 7. efstu sætin á lista flokksins í kjördæminu.

Aðalfundur framsóknarfélags Borgarfjarðar

Fundurinn verður haldinn mánudaginn 3. nóvember að Bændaskólanum Hvanneyri (gamla skóla) og hefst kl. 21.00.
Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

Árnesingar spilafólk

Hinni árlegu 3ja kvölda spilakeppni Framsóknarfélags Árnessýslu verður fram haldið föstudaginn 31. október kl. 21:00 að Þjórsárveri og lýkur 14. nóvember að Flúðum.
Heildarverðmæti vinninga er 70.000 krónur.
Jón Helgason flytur ávarp.
Allir velkomnir

Stjórnin

Borgnesingar nærsveitir

Spilum félagsvist í samkomuhúsinu í Borgarnesi föstudaginn 31. október kl. 20.30.
Allt spilaáhugafólk hjartanlega velkomið.
Framsóknarfélag Borgarness

Aðalfundur FUF Kópavogi

verður haldinn sunnudaginn 2. nóvember kl. 14.00 að Hamraborg 5, Kópavogi 3. hæð.
Dagskrá. Venjuleg aðalfundarstörf. Félagar fjölmennið.

Stjórnin.

Skaftfellingar

Aðalfundur Framsóknarfélags Vestur Skaftafellssýslu verður haldinn í Tunguseli Skaftártungu sunnudaginn 2. nóvember kl. 14.00.
14.00.
Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kosning fulltrúa á kjördæmisþing.
3. Kosning fulltrúa á flokksþing.
4. Önnur mál.

Þórarinn Sigurjónsson alþingismaður og Jón Helgason ráðherra mæta á fundinn.

Stjórnin.

Aðalfundur Framsóknarfélagsins Njarðvíkur

verður haldinn sunnudaginn 2. nóvember n.k. kl. 14.00 að hótel Kristína Njarðvík.
Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Önnur mál.

Stjórnin.

Aðalfundur Fulltrúaráðs Framsóknarfélaganna í Kópavogi

verður haldinn að Hamraborg 5. þriðjudaginn 4. nóvember kl. 20.30.
Dagskrá:
1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar
3. Umræður
4. Kosningar
5. Sigurður Geirdal framkvæmdastjóri flokksins ræðir flokksstarfið.

Stjórn fulltrúaráðsins

DAGBÓK



Frá leiksýningunni á Sólheimum.

Leiksýning að Sólheimum: Rómeó og Júlía

„Leikfélag Sólheima sýnir leiksýninguna Rómeó og Júlíu í íþróttaleikhúsi Sólheima laugardaginn 2. og sunnudaginn 3. nóvember nk. Leiksýningin er byggð á leikriti Shakespears við tónlist Prókofievs. Leikstjóri er Kristina Norén. Í sýningunni taka nær allir vistmenn Sólheima þátt.

Leiklist hefur allt frá fyrstu starfsárum Sólheima verið snar þáttur í meðferðarstarfi heimilisins. Aðstaða hefur hins vegar verið erfið hingað til vegna húsnæðisleysis.

Á einu ári hefur veglegt hús risið á Sólheimum, svokallað íþróttaleikhús, sem byggt er fyrir söfnunarfé Sólheimagöngunnar á s.l. ári. Með tilkomu þess hefur öll starfsaðstaða á Sólheimum gjörbreyst, en auk samkomusalar eru vinnustofur vistmanna í húsinu.

Leiksýningarnar hefjast kl. 15 og eru öllum opnar. Aðgangur er ókeypis. Sætaferðir verða frá Umferðamiðstöðinni sýningardaga kl. 13.00.

Síðustu sýningar verða helgina 8. og 9. nóvember á sama tíma."



Ásdís Magnúsdóttir og Jean-Yves Lormeau í Öskubusku í Þjóðleikhúsinu 1984

Ásdís Magnúsdóttir dansar í Hollandi

Forsvarsmenn dansflokksins „Introdans" í Hollandi, þeir Ton Wiggers og Hans Focking, buðu Ásdísi Magnúsdóttur að dansa í 15 ára afmælissýningu flokksins 16., 17. og 18. október s.l. Þeir sem komu fram á sýningunni, auk Introdans, eru úrvalsdansarar hvaðanæva úr heiminum.

Ásdís dansar á sýningunni við Jean-Yves Lormeau, en hann dansaði prinsinn á móti henni í Öskubusku, sem sýnd var í Þjóðleikhúsinu 1984. Lormeau er einn af aðaldönsurum Óperunnar í París og hefur dvalist þar undanfarið við æfingar.

Sýningar



„Dagbókarbrot" í Slúnkaríki á Ísafirði

Laugardaginn 1. nóvember mun Halldór Ásgeirsson myndlistarmaður opna sýningu í Gallerí Slúnkaríki, Ísafirði. Á sýningunni verða 5 myndverk í ýmsum stærðum og gerðum unnin með akrýl og vatnslitum. Verkin eru gerð á síðastliðnum tveimur árum í Parísarborg þar sem Halldór hefur búið undanfarin ár. Eitt þeirra „Dagbókarbrot" vann listamaðurinn hér á landi í sumar. Þetta er fimmta einkasýning Halldórs á Íslandi og mun sýningin standa til 15. nóvember.



Örlygur sýnir í Ásmundarsal

Örlygur Sigurðsson listmálari opnaði sýningu á vatnslitamyndum sínum í Ásmundarsal, húsi Arkitektafélags Íslands, Freyjugötu 41. Sýningin stendur til sunnudagsins 9. nóvember.



Erla sýnir á Kjarvalsstöðum

Nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum myndlistarsýning Erlu B. Axelsdóttur.

Erla stundaði nám við Myndlistarskólann í Reykjavík 1975 til 1982, og listadeild Skidmore háskóla, Saratoga Springs, N.Y. 1984.

Þetta er fimmta einkasýning Erlu, en jafnframt átti hún verk á sýningunni „Reykjavík í myndlist" á Kjarvalsstöðum síðast liðið sumar.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum eru 52 pastelmyndir, sem unnar eru á sl. 2-3 árum.

Erla vinnur í olíu, pastel og kol en eins og fyrr segir sýnir hún nú einungis pastelmyndir og eru verkin allflest þegar seld.

Sýning Erlu á Kjarvalsstöðum stendur frá 25. okt. til 9. nóv. og verður opin daglega frá kl. 14.00 til kl. 22.00.

Íkonasýning í Norræna húsinu

Sunnudaginn 2. nóv. verður opnuð sýning á íkonum í anddyri Norræna hússins og mun hún standa til 16. nóvember. Þetta eru allt nýir íkonar, sem finnski listamaðurinn Liisa Makelá hefur málað á undanförnum árum.

Íkonamyndgerð á sér ævaforna hefð og var útbreidd um allan heim rétttrúnaðarkirkjunnar, en náði mestri fullkomnun í Rússlandi. Íkonar eru andlitsmyndir af dýrlingum og píslarvottum. Efniviðurinn er jafnan tré, sem er málað með náttúrulitum (tempera).

Sendiherra Finnlands, Anders Huldén, opnar sýninguna í anddyri Norræna hússins **kl. 16:00 á sunnudag**. Allir eru velkomnir.

Sýningin verður opin daglega á venjulegum opnunartíma Norræna hússins - kl. 09:00-19:00 virka daga og 12:00-19:00 á sunnudögum. Sýningunni lýkur 16. nóvember.

Félagslíf

Skemmtifundur Félags Harmonikuunnenda

Félag Harmonikuunnenda verður með sinn mánaðarlega skemmtifund í Templarahöllinni við Skólavörðuholt sunnud. 2. nóvember. Þar er boðið upp á veitingar á vægu verði, harmonikuleik, dans o.fl.

„Hér er um að ræða heppilega sunnudagsskemmtun fyrir alla fjölskylduna", segir í fréttatilkynningu frá félaginu.

Fundartími er frá kl. 15:00- 18:00.

Félagsvist Árnesingakórsins

Árnesingakórinn í Reykjavík heldur félagsvist og dans í Þinghól, Hamraborg 11, Kópavogi laugardaginn 1. nóv. Byrjað verður að spila kl. 20.30. Velunnarar kórsins eru velkomnir.

Laugardagsganga Hana-nú í Kópavogi

Vikuleg laugardagsganga Frístundahópsins Hana nú í Kópavogi verður á morgun, laugardaginn 1. nóvember. Lagt af stað frá Digranesvegi 12 kl. 10.00.

Við hefum vetrargöngurnar með heitu molakaffi í upphafi göngunnar. Markmiðið er: Samvera, súrefni og hreyfing. Búið ykkur vel. Mætum öll.

Hádegisfundur hjá Samtökum um vestræna samvinnu og Varðbergi

Forstöðumaður Upplýsingadeildar Atlantshafsbandalagsins, dr. Wilfried A. Hofmann, er staddur hér á landi í þessari viku.

Samtök um vestræna samvinnu (SVS) og Varðberg halda sameiginlegan hádegisfund með honum laugardaginn 1. nóvember, þar sem dr. Hofmann flytur erindi á ensku: "NATO er enn nauðsynlegt", og svarar fyrirspurnum fundargesta. Fundurinn verður haldinn í Átthagasalnum á Hótel Sögu og hefst kl. 12:00 á hádegi.

Fundarseta er aðeins heimil félagsmönnum í SVS og Varðbergi, en þeir mega taka með sér gesti.

Fundur í Kvenfélagi Háteigssóknar

Kvenfélag Háteigssóknar heldur fund þriðjudaginn 4. nóvember kl. 20.30 á lofti kirkjunnar. Gestur fundarins verður Margrét Magnúsdóttir og mun hún segja frá lífi í Kenýa. Félagið minnir á árlegan basar sem haldinn verður laugardaginn 8. nóv. kl. 14.00 í Tónabæ. Tekið verður á móti gjöfum föstud. 7. nóv. milli kl. 17.00-19.00 í kirkjunni.

Basar

Verkakvennafélagið Framsókn heldur basar á morgun laugard. 8. nóvember. Tekið verður í móti basarmunum á skrifstofu félagsins Skipholti 50 A. Upplýsingar eru í símum 688930 og 688931.

Slökkvilið-Lögregla

Reykjavík: Lögreglan sími 11166, slökkvilið og sjúkrabifreið sími 11100.
Seltjarnarnes: Lögreglan sími 18455, slökkvilið og sjúkrabifreið sími 11100.
Kópavogur: Lögreglan sími 41200, slökkvilið og sjúkrabifreið sími 11100.
Hafnarfjörður: Lögreglan sími 51166, slökkvilið og sjúkrabifreið sími 51100.
Keflavík: Lögreglan sími 3333, slökkvilið sími 2222 og sjúkrabifreið sími 3333 og í símum sjúkrahússins 1400, 1401 og 1138.
Vestmannaeyjar: Lögreglan sími 1666, slökkvilið sími 2222 og sjúkrahúsið sími 1955.
Akureyri: Lögreglan símar 23222, 23223 og 23224, slökkvilið og sjúkrabifreið sími 22222.
Ísafjörður: Lögreglan sími 4222, slökkvilið sími 3300, brunasími og sjúkrabifreið sími 3333.

Gengisskráning

30. október 1986 kl. 09.15

	Kaup	Sala
Bandaríkjadollar	40,600	40,720
Sterlingspund	57,2050	57,3740
Kanadadollar	29,277	29,364
Dönsk króna	5,3421	5,3579
Norsk króna	5,4787	5,4949
Sænsk króna	5,8523	5,8696
Finnskt mark	8,2303	8,2546
Franskur franki	6,1534	6,1716
Belgískur franki BEC	0,9680	0,9709
Svissneskur franki	24,3114	24,3832
Hollensk gyllini	17,7883	17,8409
Vestur-þýskt mark	20,1139	20,1734
Ítölsk líra	0,02909	0,02917
Austurrískur sch	2,8581	2,8666
Portúg. escudo	0,2734	0,2742
Spánskur peseti	0,2996	0,3005
Japanskt yen	0,25347	0,25421
Írskt pund	54,713	54,874
SDR (Sérstök dráttarr.	48,7477	48,8918
Evrópumynt	41,8891	41,0129
Belgískur fr. FIN BEL	0,9614	0,9642